

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 93/1999

frá 16. júlí 1999

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 62/1999 frá 28. maí 1999⁽¹⁾.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1525/98 frá 16. júlí 1998 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 194/97 frá 31. janúar 1997 um hámarksmagn tiltekinnna mengunarefna í matvælum⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/53/EB frá 16. júlí 1998 um sýnatöku- og greiningaraðferðir vegna opinbers eftirlits með magni tiltekinnna mengunarefna í matvælum⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 54r (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 194/97) í XII. kafla II. viðauka við samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- **398 R 1525**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1525/98 frá 16. júlí 1998 (Stjtið. EB L 201, 17.7.1998, bls. 43).“

⁽¹⁾ Hefur enn ekki verið birt.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 201, 17.7.1998, bls. 43.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 201, 17.7.1998, bls. 93.

2. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 54r (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 194/97) í XII. kafla II. viðauka við samninginn:

„54s. **398 L 0053**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/53/EB frá 16. júlí 1998 um sýnatöku- og greiningaraðferðir vegna opinbers eftirlits með magni tiltekinnar mengunarefna í matvælum (Stjtið. EB L 201, 17.7.1998, bls. 93).“

3. gr.

Fullgiltur texti reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1525/98 og tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 98/53/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 17. júlí 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 16. júlí 1999.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

N. v. Liechtenstein

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner